

Miðvikudaginn 18. nóvember 1964.

Nr. 106/1964. **Guðmundur Guðlaugsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

**Ástu Magnúsdóttur, Jóni Magnússyni og
Halldóri Brynjólfi Stefánssyni**

(Örn Clausen hrl.)

og svo

**Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h.
dánarbús Unu Jónsdóttur til réttargæzlu.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skiptamál. Kaupkrafa. Erfðir.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1964. Hann krefst þess, að dánarbúi Unu Jónsdóttur verði dæmt að greiða honum skuld, að fjárhæð kr. 75.000.00, en til vara, að honum verði dæmd sameign að eignum dánarbúsins að hálfu. Hann krefst þess og, að úrskurður skiptaréttar um erfðarétt hans til eins fjórða af eignum nefnds dánarbús verði staðfestur. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir skiptadómi og Hæstarétti úr hendi stefndu, Ástu Magnúsdóttur, Jóns Magnússonar og Halldórs Brynjólfs Stefánssonar.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er rækilega lýst í úrskurði skiptaréttar. Áfrýjandi fluttist árið 1924 eða 1925 til Unu heitinnar Jónsdóttur og hóf sambúð með henni í húsi hennar, Sólbrekku, sem var nr. 21 við Faxastíg í Vestmannaeyjum. Á fyrstu árum samvista sinna reistu þau viðbyggingu við nefnt hús, sem var fyrir eitt herbergi og eldhús, þannig að húsrýmið er talið hafa stækkað um helming. Í einu og öllu unnu þau

bæði að uppihaldi sameiginlegs heimilis, meðan orka þeirra entist, þótt Una heitin væri skráður eigandi hússins og talin húsráðandi. Hélzt sambúð þeirra, unz Una andaðist hinn 29. febrúar 1960. Þá er athuguð er staða áfrýjanda á sameiginlegu heimili þeirra Unu heitinnar og vinna hans í þágu þess, þykir hann eiga tilkall til nokkurrar þóknunar af eignum Unu heitinnar umfram nauðpurftir sínar, sem hann hafði á téðu heimili, og er þetta tilkall hans ófyrnt samkvæmt undirstöðurökum 3. gr., 1. tl., laga nr. 14/1905. Að öllum aðstæðum athuguðum, teljast laun áfrýjanda, þau sem hann á kröfu á úr dánarbúinu, hæfilega ákveðin kr. 20.000.00.

Staðfesta ber ákvæði í úrskurði skiptaréttar um erfðarétt áfrýjanda samkvæmt erfðaskrá til eins fjórða hluta af eignum dánarbús Unu Jónsdóttur, að frádregnum skuldum þess.

Samkvæmt úrslitum málsins er rétt, að stefndu, Ásta Magnúsdóttir, Jón Magnússon og Halldór Brynjólfur Stefánsson, greiði áfrýjanda málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Greiða skal áfrýjanda, Guðmundi Guðlaugssyni, skuld, að fjárhæð kr. 20.000.00, af eignum dánarbús Unu heitinnar Jónsdóttur.

Staðfest er ákvæði í úrskurði skiptadóms um erfðarétt áfrýjanda til eins fjórða hluta af eignum Unu heitinnar Jónsdóttur, að frádregnum skuldum.

Stefndu, Ásta Magnúsdóttir, Jón Magnússon og Halldór Brynjólfur Stefánsson, greiði áfrýjanda málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti, samtals kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Vestmannaeyja 4. apríl 1964.

Með greinargerð, sem lögð var fram í skiptarétti Vestmannaeyja 5. ágúst 1962, gerði Guðmundur Guðlaugsson, Faxastíg 21, Vest-

mannaeyjum, þær dómkröfur, að viðurkennt yrði með úrskurði skiptaréttar, að hann ætti rétt til ráðsmannskaups úr óskiptu dánarbúi Unu Jónsdóttur, Faxastíg 21, Vestmannaeyjum, og jafnframt krafðist hann málskostnaðar sér til handa. Af hálfu barna barna hinnar látnu, þeirra Ástu Magnúsdóttur, Jóns Magnússonar og Halldórs B. Stefánssonar, var kröfu þessari andmælt og þær kröfur gerðar, að viðurkennt yrði með úrskurði skiptaréttarins, að þau skyldu taka arf eftir hina látnu ömmu sína lögum samkvæmt, og jafnframt kröfðust þau málskostnaðar sér til handa eftir mati réttarins.

Er gagnaöflun var lokið, var málið flutt hinn 18. þ. m. og lagt undir dóm sama dag.

Komu þá þessar kröfur fram:

Sóknaraðili krafðist þess,

aðallega að honum yrði úrskurðaðar nettóeignir dánarbúsins sem greiðsla upp í skuld búsins við hann, og yrði varnaraðiljum gert að greiða honum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins,

til vara, að ráðstöfun arfleiðsluskrárinnar, dags. 5. febrúar 1935, verði í einu og öllu metin gild og varnaraðiljum gert að greiða honum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins,

til þrautavara, að hann verði viðurkenndur sameigandi að eignum dánarbúsins, og falli þá aðeins helmingur eigna til skipta, enn fremur verði varnaraðiljum gert að greiða honum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins, en til vara verði málskostnaður látinn falla niður.

Gagnaðiljar gerðu þær kröfur,

að viðurkenndur verði réttur þeirra sem skylduerfingja hinnar látnu til að taka arf eftir hana lögum samkvæmt, og jafnframt kröfðust þeir málskostnaðar sér til handa úr hendi sóknaraðilja eftir mati réttarins.

Una Jónsdóttir á Sólbrekku eða Faxastíg 21 í Vestmannaeyjum andaðist 29. febrúar 1960. Hún var fædd 31. janúar 1878 að Dölum í Vestmannaeyjum, óskilgetin dóttir ekkjunnar Ólafar Jónsdóttur í Dölum og Jóns Magnússonar, húsmanns í Kirkjubæ.

Vorið 1878 fluttist hún sveitarflutningi með móður sinni austur í Meðalland í Skaftafellssýslu. Dvaldi hún þar um langt skeið við kröpp kjör. Vann móðir hennar fyrir henni, meðan hún var á barnsaldri, en strax og hún hafði aldur til, gerðist hún vinnukona. Var hún á ýmsum bæjum í Meðallandi, þar til hún var komin yfir tvítugt. Þá fluttist hún sem vinnukona að Ey-

vindarhólum undir Eyjafjöllum, og þaðan fluttist hún árið 1906 sem vinnukona að Stóruborg. Dvaldi hún þar í 6 ár, og á þeim árum eignaðist hún 2 dætur með syni húsráðenda, Þorgeiri Eiríkssyni. Önnur dóttirin var Jónína, fædd 1906, en hin Ástríður, fædd 1907. Þau Þorgeir giftust ekki. Heimilið var fátækt, og á vetrum var Una látin fara til Vestmannaeyja til þess að afla tekna, sem runnu inn í heimilið til framfærslu börnunum. Er hún hafði dvalið í 6 ár á Stóruborg, slitnaði með öllu upp úr sambúð þeirra Þorgeirs, og varð hún að fara burt af heimilinu. Hún gekk þá með þriðja barn þeirra. Skildist hún nú við dætur sínar og fluttist til Vestmannaeyja. Þar ól hún þriðju dótturina, Sigurbjörgu, sem var fædd 1912. Eftir þetta dvaldi Una jafnan í Vestmannaeyjum. Hún leigði sér húsnæði fyrstu árin fyrir sig og barnið og vann ýmsa vinnu, sem til féll. Hún var örsnauð, er hún kom til Eyja, en með iðjusemi og sparsemi og hjálp góðra manna tókst henni að koma sér upp eigin húsnæði. Var það húsið Sólbrekka eða Faxastígur 21, þar sem hún bjó jafnan síðan. Húsið var byggt árið 1920. Það var ein íbúð lítil, eitt herbergi og eldhús, en skapaði henni þrátt fyrir það betri afkomuskilyrði. Tók hún nú að selja aðkomnum vertiðarmönnum fæði, og hélt því áfram í nokkrar vertíðir. Einn af fæðis kaupendum hennar var sóknaraðili, Guðmundur Guðlaugsson, fæddur 12. júlí 1885. Hann kom til Eyja veturinn 1921—1922 og mun brátt hafa komið í fæði til hennar. Um 1924 fluttist sóknaraðili inn á heimili hennar, og bjuggu þau saman upp frá því, en giftust ekki. Eftir að sambúð þeirra hófst, var brátt hafizt handa um að stækka húsið, og var viðbyggingu komið upp árið 1926, að því að talið er, og af svipaðri stærð og húsið, sem fyrir var.

Árið 1928 missti Una dóttur sína, Sigurbjörgu. Var hún þá á 16. ári. Árið 1929 lézt Ástríður, dóttir hennar, og árið 1930 lézt Jónína. Ástríður og Jónína voru báðar giftar og áttu börn, sem eru á lífi. Börn Jónínu eru: Jón Magnússon, Lindargötu 10, Seltjarnarnesi, fæddur 28/6 1927, og Ásta Sigurbjörg Magnúsdóttir, frú, Blönduósi, fædd í október 1929. Sonur Ástríðar er Halldór Brynjólfur Stefánsson, Háagerði 18, Reykjavík, fæddur 3/3 1929.

Árið 1935 gerðu þau Una og sóknaraðili gagnkvæma arfleðsluskrá, og er hún innfærð í notarialbók bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum.

Segir þar svo:

„Ár 1935, fimmtudaginn 5. desember, kl. 14, var notarialréttur Vestmannaeyja settur á skrifstofu embættisins og haldinn af Kr. Linnet bæjarfógeta með undirrituðum notarialvottum. Mættu fyrir notario Guðmundur Guðlaugsson og Una Jónsdóttir, bæði til heimilis á Faxastíg 21, hér í bæ, sem notarius þekkir persónulega, og lýstu yfir, að þau gerðu þá ráðstöfun um eigur hvors um sig eftir þeirra dag, að það, sem lengur lifir, skyldi eitt eiga þær allar, sem hitt léti eftir sig, að skuldum frádregnum. Til staðfestu undirrita aðiljar.

Una Jónsdóttir.

Guðm. Guðlaugsson.

Að ofanritaðar persónur, sem eru mér og notarialvottunum kunnar, hafi í minni og þeirra viðurvist skrifað nöfn sín undir ofanskráðan arfleiðslugjörning vottast hér með, og einnig, að þau bæði hafi þá verið með réttu ráði, óskertri skynsemi og gert það af fúsum vilja.

Til staðfestu undirskrift mín og notarialvotta.

Dag, er að ofan greinir.

Kr. Linnet.

Notarialvottar:

Sveinn P. Scheving. Stefán Árnason.“

Eftir lát Unu Jónsdóttur bjó sóknaraðili einn í húsinu, en haustið 1961 fluttust óskyld hjón inn í húsið og greiddu leigu með því að veita honum uppihald. Á árinu 1963 fluttist sóknaraðili á Sjúkrahús Vestmannaeyja, og hefur verið þar síðan.

Við uppskrift í dánarbúinu komu eigi aðrar eignir fram en húseignin Sólbrekka eða Faxastígur 21, sem var þinglesin eign hinnar látnu. Eignin var seld af skiptaréttinum með samþykki allra hlutaðeigenda á kr. 80.000.00. Dætrabörn hinnar látnuildu að búinu yrði skipt þannig, að í þeirra hlut félli sem skyldu-arfur $\frac{3}{4}$ hlutar eignarinnar, en $\frac{1}{4}$ hluti rynni til sóknaraðilja sem erfðaskrárerfingja. Sóknaraðili vildi ekki hlíta skiptingu búins á þann veg og taldi sig eiga rétt til allrar eignarinnar, bæði samkvæmt erfðaskránni og sem ráðsmaður á heimilinu. Hefur lögræðingur reiknað út ráðsmannskaup hans á tímabilinu frá og með 1942 til og með 1961 og komið að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt kaup honum til handa næmi kr. 288.000.00 fyrir utan vexti. Samkomulag komst ekki á, og fór því ágreiningurinn undir úrskurð skiptaréttarins, og gerðu aðiljar þær kröfur, sem áður greinir.

Vitni voru leidd til að upplýsa málið. Sigurbjörg Stefánsdóttir, Faxastíg 22, og Ágústa Sigurjónsdóttir, Sunnuhvoli, gáfu vott-

orð, sem þær staðfestu síðan fyrir réttinum. Í vottorðinu segir, að Una Jónsdóttir hafi látið þau orð falla við þær, meðan hún lifði, að sóknaraðili hefði verið hennar stoð og stytta, og hefði hún með arfleiddsluskrá tryggt, að hann fengi eignirnar eftir hennar dag fyrir alla þá vinnu, sem hann hafði lagt búinu til öll þessi ár, er þau bjuggu saman. Báðar sögðu þær, að Una og sóknaraðili hefðu búið saman. Ágústu hafði verið sagt, að þau hefðu gert gagnkvæma erfðaskrá, en um það vissi Sigurbjörg ekki. Sigurbjörg bjó í nágrenni við þau í 17 ár, og virtist henni, að þau ættu í sameiningu þær eignir, er þau höfðu undir höndum, en þó hafi það verið svo, að meðan þau áttu kindur, hafi þau eignað sér sínar kindurnar hvort.

Jón Einarsson, Faxastíg 20, kvaðst hafa komið til Eyja árið 1922, og fór þá strax að Faxastíg 20 eða Berjanesi. Bjó þá Una Jónsdóttir í litlu húsi á Faxastíg 21, einu herbergi og eldhúsi, ásamt einni eða tveimur dætrum sínum. Síðan fluttist sóknaraðili til hennar, en ekki man hann, hvaða ár það var. Upp úr því var hafin smíði á viðbyggingu við Faxastíg 21, og var vitnið fengið til að sjá um smíðina. Að hann minnti, greiddu þau sóknaraðili og Una kaup hans í félagi. Viðbyggingin var allt að því eða jafnvel öllu stærri en húsið, sem fyrir var. Síðan komu þau sér upp gripahúsum. Byrjaði Una fyrst með eina kú, og var þá byggt fjós. Síðan var kúnum fjölgað í þrjár, að því er vitnið minnti. Þá byggðu þau hlöðu við fjósið. Una taldist fyrir kúnum, en sóknaraðili hirti þær, og í sameiningu heyjuðu þau handa þeim, en sóknaraðili átti og ræktaði tún suður í Kinn. Einnig áttu þau nokkrar kindur og töldu annað eiga þessa kindina, en hitt hina. Þegar vitnið kom til Eyja, taldist Una eiga Sólbrekkauna, en um aðrar eignir var ekki að ræða, svo að vitnið vissi. Vitninu virtist, að sóknaraðili hafi verið algerlega eignalaus, er hann fluttist til Unu, og leit hann svo til, að þau væru bæði fátæk og berðust í bökkum, eins og margir aðrir á þeim árum. Sóknaraðili var viljugur og iðjúsamur og góður verkmaður, þó ekki væri hann hár í loftinu né þrekinn, t. d. var hann afburða sláttumaður. Hann stundaði ekki sjómennsku, en var hneigður fyrir búskap, og eftir að hann fluttist inn á heimilið, fóru þau Una bráðlega að koma sér upp nokkrum bústofni. Sjálf var Una einnig mjög vinnusöm, enda orðið að þræla frá barnæsku.

Sóknaraðili gaf skýrslu fyrir réttinum. Hann kvaðst hafa komið til Eyja veturinn 1921—1922, og að hann minnti, fluttist hann inn til Unu árið 1924 eða 1925. Ekkert kvaðst hann þá hafa átt

til, aðeins nokkrar krónur, sem ekki var teljandi. Eftir að hann fluttist til Unu, var þegar farið að reisa viðbyggingu við hús hennar. Timbrið kvaðst hann hafa fengið lánað hjá Helga Jónatanssyni, og hafi það kostað um 400—500 krónur. Þetta kvaðst hann hafa greitt með peningum, sem hann fékk fyrir vinnu sína hér og hvar. Hann kvaðst hafa unnið á Tanganum og hjá Helga Jónatanssyni við bræðslu og hjá fleirum. Allt var þetta ígrípa-vinna. Una hafði einnig unnið. Þau tóku fisk af Tanganum og þurrkuðu á stakkstæði, sem hann kveðst hafa komið upp heima hjá Sólbrekku. Hann kveðst hafa unnið mikið við viðbygginguna, en Jón Einarsson hafi haft smíðarnar með höndum, og greiddu þau Una honum fyrir vinnuna. Hann sagði, að þau hefðu komið sér upp nokkru búi, og er mest var, áttu þau 5 kýr og 20 kindur. Síðan lögðu þau búið niður, enda voru þau bæði farin að heilsu. Sjálfur kvaðst sóknaraðili, er hann mætti fyrir rétti í júlí 1963, hafa verið óvinnufær síðustu sjö til átta árin. Síðustu árin, sem þau bjuggu saman, lifðu þau svo að segja eingöngu á ellilaunum sínum, en einnig hafði Una einhverjar tekjur af grasaseyði, sem hún bjó til og seldi. Svo og komu einhverjar tekjur inn fyrir ljóðabækur, sem hún gaf út. Sóknaraðili kvaðst ekki hafa litið á sig sem ráðsmann á heimilinu, hann hafi aðeins verið að hugsa um að hafa eitthvað ofan í sig og á. Ekki hafi hann heldur litið á sig sem sameiganda að þeim eignum, sem til voru á heimilinu, og þegar erfðaskráin var gerð, kvaðst hann engar eignir hafa átt. Hann hafi aðeins unnið fyrir mat og fatnaði og ekki öðru. Hann sagði, að þau bæði, hann og Una, hefðu álitid, að erfðaskráin væri í fullu gildi, eins og orð hennar sögðu til.

Svo virðist, að meðan sambúð þeirra stóð, Unu og sóknaraðilja, hafi heimilið jafnan verið fátækt, þótt þau kæmust þolanlega af með iðjusemi og sparsemi. Hann var signalaus, er hann fluttist inn á heimilið, og að sjálfsögðu var ekki til þess ætlazt, að hann kæmi þangað sem launþegi. Sennilega hefur sambúð þeirra orðið þeim báðum til nokkurs fjárhagslegs hagræðis, en undir lokin verður sóknaraðili óvinnufær í nokkur ár. Ekki kvaðst hann hafa litið á sig sem ráðsmann á heimilinu, og ekki virðist hann hafa ætlazt til sérstakra fjárgreiðslna, heldur aðeins að hafa fast heimili og fæði og uppihald. Með tilliti til aðstæðna þykir bera að líta svo á, að hann eigi ekki rétt til fjárgreiðslna úr búinu fyrir vinnu sína í þágu heimilisins. Verður aðalkrafa umboðsmanns hans því ekki tekin til greina.

Varakrafan gengur út á, að erfðaskráin verði metin gild í einu og öllu. Þessa kröfu er ekki heldur unnt að taka til greina, þar sem Una Jónsdóttir hafði ekki heimild til að ráðstafa eftirlátnum eignum sínum eftir sinn dag með erfðaskrá, þannig að í bága færi við réttindi skylduerfingja hennar.

Þrautavarakrafan er við það miðuð, að eftirlátnar eignir Unu Jónsdóttur, húseignin Sólbrekka, hafi verið í sameign sóknaraðilja og hennar eða farið yrði með búið sem félagsbú hjóna. Reglur um búskipti hjóna eiga hér ekki við, þar sem sóknaraðili og Una gengu aldrei í hjónaband. Sóknaraðili vann að vísu við stækkun hússins, eins og áður getur, og mun hafa lagt til fé að öðrum þæði, en Una var jafnan ein skrifuð fyrir húseigninni, og aldrei var hirt um að gera þar á neina breytingu.

Um almenna sameign á öðrum eignum þeirra virðist ekki heldur hafa verið að ræða. Sóknaraðili var einn skrifaður fyrir túnunum úti í Kinn, og kindunum, sem þau eignuðust, virðast þau hafa skipt á milli sín. Með tilvísun til þessa þykir ekki fært að fara með búið sem sameignarbú, og verður því þrautavarakrafan ekki heldur tekin til greina.

Þegar Una Jónsdóttir andaðist, voru í gildi erfðalög nr. 42/1949. Þessi lög voru einnig í gildi, er raunverulegar aðgerðir skiptaréttarins hófust um meðferð dánarbús hennar. Samkvæmt 20. grein þeirra er arfleiðanda, sem á niðja á lífi, ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meiru en einum fjórða hluta eigna sinna, og er það sama regla og áður hafði gilt. Þetta ákvæði þykir eiga hér við. Samkvæmt því verður niðurstaða málsins, að ofangreind erfðaskrá verður metin gild, að því er varðar einn fjórða hluta eigna dánarbúsins, og er þá jafnframt viðurkennt, að í hlut sóknaraðilja skuli falla einn fjórði hluti af eignum búsins samkvæmt ákvörðun erfðaskrárinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppsaga dómsins hefur dregið vegna anna dómarsins við önnur embættisstörf bæði dómsmál og annað.

Ályktarorð:

Sóknaraðilja, Guðmundi Guðlaugssyni, ber sem erfðaskrárerfingja einn fjórði hluti af eignum dánarbús Unu Jónsdóttur.

Að öðru leyti skal dánarbúið vera sýknt af kröfum hans. Málskostnaður fellur niður.